

# 1 Pantið tíma

<p>Opnið Golfbox appið í símanum</p> <p>Einnig er hægt að bóka í tölvu með innskráningu á <a href="http://golf.is">golf.is</a></p>	
<p>Veljið „Golfklúbbur Skagafjarðar“ og síðan „Golfhermir“</p>	
<p>Takið frá tíma með því að smella á og skrá spilara. Athugið að hægt er að bóka samliggjandi tíma.</p> <p><i>Ekki skrá ykkur með öðrum nema þeir samþykki fyrst.</i></p>	

Sprittið ykkur fyrir og eftir tíma.

2

Kveikið ljós. Rofar eru við hlið rafmagnstöflu.

Gangið vel um. Skiljið við eins og þið viljið koma að rýminu.

*Engir drykkir eða matvæli nálægt tölvu!*

Ekki spritta tölvuskjá!


3

Kveikið á tölvuskjá.


Kveikið á skjávarpa með fjarstýringu.

## 4 Veljið völl

Veljið „Courses“ efst á tölvuskjá. Skjárinn er snertiskjár og hægt að smella á hann með putta til að velja.





Smellið á „Select“ til að opna völlinn sem þið ætlið að spila.



Sjá nánar á [https://youtu.be/m8P9n\\_TNiu4](https://youtu.be/m8P9n_TNiu4)

## 5

## Skráirð leikmenn

<p>Smellið á + Guest Player</p>	
<p>Skráirð leikmenn.</p> <p>Skrifið nafn leikmanns.</p> <p>Breytið lit (<a href="#">Color</a>) ef þið viljið.</p> <p>Veljið forgjöf leikmanns (<a href="#">HCP</a>)</p> <p>Veljið kyn (<a href="#">GENDER</a>, Male = kk, Female = kvk)</p> <p>Veljið teig (<a href="#">TEE</a>)</p> <p>Smellið á <a href="#">Done</a></p> <p>Smellið aftur á + til að skrá fleiri.</p>	

## 6

# Leikstillingar (Game settings)

Í leikstillingum er hægt að stilla leik (GAME), völl (COURSE) og sjónarhorn (VIEW).

LEIKUR / GAME	<p><b>Game type (leikform):</b> Stroke = höggleikur. Stableford = punktkeppni. Match play = holukeppni. Fleiri leikform eru möguleg t.d. liðakeppni.</p> <p><b>Holes (holur):</b> fyrri 9, seinni 9 eða allar 18 holur.</p> <p><b>Pins (staðsetningar flaggstanga):</b> easy (auðveldar), Medium (miðlungs) eða Difficult (erfiðar).</p> <p><b>Putting (pútt):</b> Auto (sjálfvirk) eða manual (handvirk). Auto er fljótlegast.</p> <p><b>Gimme distance (gefið pútt):</b> Velja hvaða púttlengd er gefin.</p> <p><b>First tee warm up:</b> leyfa upphitunarhögg á fyrsta teig (on/off).</p>
VÖLLUR / COURSE	<p>Hér er hægt að stilla vind (wind), þéttleika brauta (fairway firmness), þéttleika flata (green firmness) og hraða flata (green stimp).</p>
VIEW	<p>Hér er hægt að stilla hvernig myndavél eltir bolta og fleira sem tengist sjónarhorni myndavélar.</p> <p>Nánar: Tracer, camera, auto flyby, markers (mið), green grid, data tiles (gagnasafn höggs), post shot timer og graphics quality.</p>

## 7

# Start game



# Upplýsingar í leik

## Neðst í vinstra horni:

Nafn leikmanns (Jake)

Skor

Númer holu

Par brautar.

Númer höggs sem á að slá.

Fjarlægð frá flaggstöng.

Hæð flaggstangar miðað við teig.

Ráðlögð kylfa *miðað við fjarlægð (ekki legu)*.





## Yfirlitsmynd neðst í hægra horni

Loftmynd sem sýnir staðsetningu, flagg, vindátt ofl.





# Fleiri möguleikar

Menu hnappur neðarlega í vinstra horni gefur ýmsa möguleika t.d. að bæta við eða fjarlægja leikmann. Smellið á:



## Púttað í stað þess að vippa

Ef þú ætlar að púttu í stað þess að vippa. Smelltu þá á kylfuna og veldu púttur í stað fleygjárns.



Til að sjá brot í flöt er smelt á menu hnapp og svo á Grid. Punktur á hreyfingu sýna legu flatar.



# Frágangur!

Farið út úr leik (ef honum er ekki lokið):  
Menu, settings, Exit round.

Slökkvið á tölvuskjá.

Slökkvið á skjávarpa með fjarstýringu.

Gangið frá, setjið tí á sinn stað.

Fjarlægið allt rusl.